



Reykjavík, 13. apríl 2026

VEL26040025

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Staða samkomulags vegna barna með fjölþættan vanda

Á fundi velferðarráðs þann 25. mars 2026 var óskað eftir upplýsingum um stöðu samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025 og stöðu samningsgerðar milli Reykjavíkurborgar og Barna- og fjölskyldustofu (BOFS) um þjónustu við börn með fjölþættar stuðningsþarfir á árinu 2026.

Byggt er á gögnum samningsdraga og kynningu BOFS fyrir velferðarráði Reykjavíkurborgar 18. febrúar 2026.

Samkomulagið fól í sér verulegar breytingar á ábyrgðarskiptingu í þjónustu við börn með fjölþættar stuðningsþarfir:

- Ríkið skuldbatt sig til að auka fjárframlög til sveitarfélaga á árinu 2025 vegna kostnaðar við 3. stigs þjónustu og vistunar utan heimilis.
- Frá 1. júní 2025 átti ríkið að veita 1,7 milljarða kr. aukalega til málaflokksins.
- Fjármunum skyldi úthlutað að undangengnu mati sérfræðingateymis skv. 20. gr. laga nr. 38/2018.

Reykjavíkurborg fékk úthlutun árið 2025 fyrir samþykkt mál á grundvelli þessa fyrirkomulags og nam fjárhæðin samtals 913 milljónum kr.

Frá og með 1. janúar 2026 tóku gildi verulegar breytingar samkvæmt samningsdrögum. Barna- og fjölskyldustofa tók yfir fjárhagslega ábyrgð á þjónustu og búsetu barna með fjölþættar stuðningsþarfir utan heimilis frá og með 1. janúar 2026 og Reykjavíkurborg heldur faglegri ábyrgð út árið 2026. Frá 1. janúar 2027 er áætlað að Barna- og fjölskyldustofa taki við fjárhagslegri og faglegri ábyrgð.

Samningurinn tekur aðeins til barna sem sérfræðingateymi Barna- og fjölskyldustofu hefur metið í þörf fyrir búsetu utan heimilis og uppfylla ítarlega skilgreiningu á fjölþættum stuðningsþörfum.

Samningurinn skilgreinir tvo hópa, börn sem falla án vafa undir skilgreiningu sérfræðiteymis og síðan börn sem er enn verið að meta og ef það kemur í ljós að þau falla undir skilgreiningu þá verða greiðslur afturvirkar frá 1. janúar 2026.



Reykjavík



Á fundi 5. mars 2026 milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Barna- og fjölskyldustofu kom fram að fimm börn falla undir skilgreiningu ríkisins um börn með fjölþættar stuðningsþarfir og af þeim eru tvö þeirra 18 ára á árinu 2026. Eitt barn fór í fóstur og greiðir ríkið því tvo mánuði fyrir það barn. Enn eru fjögur börn sem bíða mats sérfræðingateymis og ekki komnar niðurstöður um hvort þau falli undir samninginn. Tekið skal fram að eingöngu er átt við börn sem falla undir skilgreininguna og eru nú þegar í fullri búsetu utan heimilis.

Greiðslu- og samningsfyrirkomulag milli Barna- og fjölskyldustofu og Reykjavíkurborgar er að BOFS greiðir mánaðarlega samkvæmt greiðsluáætlun sem Reykjavíkurborg leggur fram. Reykjavíkurborg leggur fram sundurliðaða kostnaðar- og greiðsluáætlun fyrir 2026.

Barna- og fjölskyldustofa hefur hafnað umsýslukostnaði til Reykjavíkurborgar og að samkomulagið nái til barnaverndarúrræða fyrir 18 til 20 ára. Einnig hafna þeir skaðleysisákvæði þar sem það gildir einungis í samningum Reykjavíkurborgar við þjónustuaðila eins og Klettabæ og Heilindi en ekki í eigin úrræðum borgarinnar.

Staða mála í mars 2026 er eftirfarandi:

- Ríkið hefur efnt samkomulagið frá 2025 og tekið yfir fjárhagslega ábyrgð á þjónustu frá 1. janúar 2026.
- Reykjavíkurborg þarf nú að ljúka samningum við Barna- og fjölskyldustofu um fimm börn sem þegar hafa verið samþykkt til greiðslna.
- Nokkur börn bíða mats sérfræðingateymis og gætu bæst við samningshópinn með afturvirkum greiðslum.
- Greiðsluáætlanir og SIS-númer eru nauðsynleg til að ljúka samningunum.
- Engin heimild er fyrir umsýslukostnaði eða fyrir því að barnaverndarúrræði fyrir 18–20 ára falli undir samninginn.

Heildarniðurstaðan er sú að grundvallarforsendur samkomulagsins hafa verið uppfylltar, en samningsvinna og útfærsla greiðsluáætlana þarf að klárast til að tryggja að Reykjavíkurborg fái fullar greiðslur fyrir þau börn sem eru í þjónustu árið 2026.

